

**142. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 27. október 2014 í Stykkishólmi**

**Mætt:** Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnheiður Jónsdóttir, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson, Magnús A. Sigurðsson, Signý Magnfríður Jónsdóttir varamaður. Erla Friðriksdóttir og Eiríkur Snæbjörnsson boðuðu forföll.

*Fundarritari:* Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

**Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar um sunnanverða Vestfirði 27. júní 2014.**

Mætt: Halla Steinólfsdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Trausti Baldursson, Sigurður Þórólfsson, Erla Friðriksdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnheiður Jónsdóttir og Ásgeir Gunnar Jónsson. Eiríkur Snæbjörnsson forfallaðist.

Breiðafjarðarnefnd hélt í vettvangsferð kl. 9:00 27. júní. Siglt var frá Stykkishólmshöfn með ferjunni Baldri yfir Breiðafjörðinn til Brjánslækjar. Þar beið okkar rúta frá Breiðavík sem fór með okkur á milli staða í ferðinni. Frá Brjánslæk var keyrt yfir Kleifaheiðina og síðan eftir Örlyghafnarveginum í átt að Látrabjargi. Gert var stutt kaffistopp við tjaldsvæðið í Látravík og að því loknu var farið að Látrabjargi og þar gafst nefndarmönnum tími til að skoða svæðið vel. Eftir drjúga stund á Látrabjargi var ætlunin að keyra niður í Keflavík en hætt var við það vegna mikillar þoku. Því næst var farið til Breiðavíkur þar sem Hjónin Keran Ólason og Birna Mjöll Atladóttir eigendur Hótel Breiðavíkur tóku á móti hópnum. Þau hjónin sáu einnig um rútuaksturinn í ferðinni. Á Hótel Breiðavík var haldinn fundur með Ásthildi Sturludóttur bæjarstjóra Vesturbyggðar ásamt Hákon Ásgeirssyni sem starfar sem landvörður á sunnanverðum Vestfjörðum og er einnig formaður ráðgjafanefndar um málefni Látrabjargssvæðisins. Hákon kynnti fyrir Breiðafjarðarnefnd friðlýsingartillögu fyrir Látrabjargssvæðið. Keran sat einnig fundinn en hann er einn af landeigendum á svæðinu. Breiðafjarðarnefnd þáði veitingar í boði Vesturbyggðar.

Að fundi loknum var ekið niður á Rauðasand, en vegna dimmviðris var ekki hægt að skoða svæðið eins og fyrirhugað var og því ekið til baka til Brjánslækjar og síðan var siglt með Baldri aftur til Stykkishólms um kvöldið.

Gestir í ferðinni voru Hákon Ásgeirsson og Þróstur Reynisson sem sá um leiðsögn í ferðinni.

**Fundargerð 141. fundar**

**Afgreiðsla:** Fundargerðin var upplesin og samþykkt.

### **Deiliskipulagstillaga fyrir Seljar í Helgafellssveit**

Óskað er eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar um deiliskipulagsstillögu fyrir Seljar í Helgafellssveit.

#### **Afgreiðsla:**

Breiðafjarðarnefnd telur að deiliskipulagið taki vel mið af staðháttum með tilliti til menningarminja og náttúrufars. Nefndin bendir á að ekki er fjallað um fornleifar að öðru leyti en því að skráningu þeirra vantar svo og náttúrufarsúttekt.

### **Fyrirspurn um möguleika á byggingu húss í Húshólma á Breiðafirði**

Sigurbjörn Skarphéðinsson, fasteignasali spurðist fyrir um möguleika á byggingu húss í Húshólma á Breiðafirði.

#### **Afgreiðsla:**

Þar sem um fyrirspurn er að ræða bendir Breiðafjarðarnefnd á vinnureglur nefndarinnar, <http://www.breidafjordur.is/Breidafjardarnefnd/Vinnureglur/index.htm>, um húsbyggingar í eyjum. Í drögum að verndaráætlun Breiðafjarðar er gerð tillaga um gerð svæðisskipulags fyrir verndarsvæðið í heild þar sem m.a. er tekið á byggingum í eyjum. Varðandi byggingar í Breiðafjarðareyjum vísar nefndin í athugasemdir sveitarfélaga við verndaráætlunina og svör nefndarinnar við þeim.

### **Drög að starfsskýrslu 2013**

Ritari lagði fram drög að starfsskýrslu 2013

### **Fjármál 2014**

Ritari lagði fram fjárhagsstöðu nefndarinnar.

### **Önnur mál**

#### **Verndaráætlun Breiðafjarðar**

Nefndarmenn fóru yfir verndaráætlunina. Halla, Guðríður og Trausti kynna ráðherra áætlunina 3. nóvember.

#### **Beiðni um aukið samstarf**

Rætt var um ósk Umhverfisstofnunar um aukið samstarf vegna friðlýstra svæða skv. náttúruverndarlögum á Breiðafirði.

**Fundi Breiðafjarðarnefndar var slitið kl. 13:32. Næsti fundur verður haldinn 17. nóvember 2014.**